

getið, að þar sé heimili áfrýjanda. — Nú segir í tilvitnuðum lögum 10. nóvbr. 1905, 2. gr., að stefnuna skuli birta á lögheimili skuldunauts, er farið er með mál eftir greindum lögum. Að þessa hafi verið gætt í þessu máli er eigi sannað með vottorði stefnuvottanna, og með því að áfrýjandi mætti eigi fyrir gestaréttinum, verður að taka kröfu hans til greina og dæma gestaréttardóminn og undanfarandi meðferð málsins ómerkta sakir ófullnægjandi stefnubirtingar og vísa málinu frá gestaréttinum, og verður stefndi eftir þessum úrslitum að greiða áfrýjanda málskostnað, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn og undanfarandi málsmeðferð skal ómerkta vera og vísað málinu frá gestaréttinum. Stefndi, Gísli Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jóhannesi Péturssyni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr., og lúkist upphæðin áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 30. júlí 1917.

Nr. 70/1917.

Hreppsnefnd Hraunhrepps
 gegn
 Jóni presti Pálssyni.

D ó m u r :

Vorið 1907 gaf Jón prestur Pálsson á Höskuldsstöðum í Húnavatnssýslu, sem stefndur er í máli þessu, saman í hjónaband Frimann Sigurðsson og Unu Ingu Benediktsdóttur, þá til heimilis á Skeggjastöðum í Vindhælishreppi, en þau höfðu árið áður flutzt úr Skagafirði með 4 börn þeirra á ómagaaldri þangað í hreppinn, er var framfærsluhreppur konunnar áður en hún giftist. Veturinn 1910—11 varð Frimann þessi Sigurðsson, þá bóndi á Bakkakoti í Engihlíðarhreppi, uppvis að sauðabjófnadi; var heimili hans þá um vorið tekið upp, og konan með 4 börnum þeirra send á framfærslusveit Frimanns, Hraunhrepp í Mýrasýslu. Hreppsnefndin þar athugaði þá, að Frimann hafði þegið styrk úr sveitarsjóði Hraunhrepps fardagaárið 1885—86, er eigi var endurgoldinn og einnig þóttist hún hafa það fyrir satt, að Unu Ingu Benediktsdóttur hefði verið veittur styrkur af framfærsluhreppi hennar, sem eigi væri endurgoldinn áður en hún giftist. Með því að eigi hefði verið leitað samþykkis hreppsnefndar Hraunhrepps til hjónabands þeirra Frimanns og Unu Ingu, leit nefndin svo á, að presturinn, sem vígði þau, hefði með því gerst brotlegur gegn fyrirmælum tilskipunar 30. apríl 1824, 3. gr. 10. lið, og breytt þannig mót embættisskyldu sinni, að honum bæri að endurgjalda hreppnum það tjón, er hann biði við hina ólöglegu giftingu. Höfðaði hreppsnefndin því, að fengnu gjafsóknarleyfi, mál þetta gegn nefndum presti fyrir gestarétti Húnavatnssýslu, til að fá hann dæmdan til að greiða Hraunhreppi 1397 kr. 77 aura,

er taldist vera kostnaður við framfærslu á fjölskyldu Frimanns árin 1911—1914, auk 6% ársvaxta, af 301 kr. 58 a. frá árslokum 1912, af 744 kr. 81 a. frá árslokum 1913 og af 351 kr. 88 a. frá þingfestingardegi málsins, alt til greiðsludags, svo og málskostnað, en til vara krafðist nefndin, að presturinn yrði dæmdur til að greiða hreppnum skaðabætur eftir mati réttarins. Í gestaréttinum lauk málinu svo, með dómi uppkveðnum 4. ág. 1915, að stefndi var sýknaður af kröfum hreppsnefndarinnar og henni gjört að greiða honum 57 kr. í málskostnað, en að öðru leyti skyldi málskostnaður falla niður.

Með stefnu útgefinni 18. nóvbr. f. á. hefir hreppsnefnd Hraunhrepps skotið máli þessu til yfirdómsins, og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málflytningmann, svo og uppreistarleyfi og leyfi til að leggja fram fyrir yfirdóminum nýjar sannanir og gögn í málinu. Fyrir yfirdóminum hefir talsmaður áfrýjanda endurtekið hinar sömu kröfur, bæði aðalkröfu og varakröfu, sem gerðar voru fyrir gestaréttinum, og auk þess krafist málskostnaðar fyrir yfirdómi, hvernig sem málið fer, eftir mati réttarins.

Af hendi stefnda er krafist staðfestingar á gestaréttardómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Áfrýjandi heldur því fram, að hjónin Frimann og Una Inga hafi bæði verið í óendurgoldinni sveitarskuld, þegar þau giftust. Um Unu Ingu tekur áfrýjandi það fram, að þau Frimann hafi flosnað upp vorið 1906, þar sem þau bjuggu í Skaðafirði, og hafi hún þá verið flutt með 4 börnum þeirra á fram-

færslusveit hennar, Vindhælishrepp; hafi fjölskyldunni verið ráðstafað af hreppsnefndinni og veittur styrkur úr sveitarsjóði, er öll líkindi séu til að hafi verið óendurgoldinn, þegar hjónavígslan fór fram. En þessu er mótmælt af stefnda, og oddviti Vindhælishrepps hefir vottað og staðfest sem vitni, að Una Inga hafi eigi þegið styrk af hreppnum. Það verður því eigi talið sannað, að hún hafi verið í sveitarskuld, er hún giftist, og gegn því getur eigi komið til álitu vottorð frá manni, er tjáist hafa tekið eitt af börnum Unu Ingu árið 1906 eftir ráðstöfun hreppsnefndaroddvitans, og hafi hann greitt sér meðlag með því það ár, með því að vottorð þetta er vefengt og eigi staðfest fyrir rétti.

Aðallega byggir áfrýjandi kröfu sína gegn stefnda á því, að Frímanni, svo sem fyr getur, hafi þegið styrk úr sveitarsjóði Hraunhrepps veturinn 1885—86. Það verður nú og að telja sannað með vitnisburðum, fengnum eftir að málinu var áfrýjað, að lagðar hafi verið með Frímanni 12 kr. úr sveitarsjóði Hraunhrepps veturinn 1885—86. Hafa tvö vitni borið það, að Frímanni hafi þennan vetur verið komið fyrir hjá Guðmundi bónda Benediktssyni á Saurum og honum verið goldið með Frímanni nefnt meðlag úr sveitarsjóði; annað vitni hefir ennfremur skýrt frá því, að Sigurður bróðir Frímanns hafi komið honum fyrir hjá Guðmundi á Saurum upp á styrk annarsstaðar frá.

Af þessum vitnisburðum verður það þó eigi beint ráðið, að umrædd meðgjöf hafi verið styrkur veittur Frímanni. Frímann er fæddur 20. júní 1864,

og var því á 22. ári veturinn 1885—86, en þá er hann í sálmaregistri Hitarnesþinga skráður til heimilis í Miklaholti í Akrasókn og talinn »barn föður síns«, og verður að skilja það svo, að hann hafi þá verið hjú hjá föður sínum eða á hans vegum. Málsaðilum kemur saman um, að ástæðan til þess að greiða varð meðlag þetta með Frimanni hafi verið sú, að hann kóí á fæti og hafi honum því verið komið fyrir nokkurn tíma meðan hann var að ná sér aftur; tekur áfrýjandi það sérstaklega fram, að styrknum hafi hvorki verið varið til meðala né læknishjálpar. Hafi nú Frimann, eins og gjöra verður ráð fyrir, verið hjú, er hann varð fyrir þessu slysi, verður að líta svo á, að húsbónda hans hafi, samkvæmt 23. gr. hjúalaganna 26. jan. 1866, borið að greiða kostnað við legu hans, þar sem eigi var um meðöl eða læknishjálp að ræða; hafi því honum verið veittur umgetinn 12 kr. styrkur og verði Frimanni þá eigi talinn hann til skuldar. Þetta virðist koma heim við það, að bróðir Frimanns kom honum fyrir á Saurum, en ekki sveitarstjórnin, og að styrksupphæðin er í sveitarbók Hraunhrepps talin með lánum til öreiga bænda, og getur það átt við húsbónda Frimanns, en ekki við hann sjálfan, og þó að nafn hans sé í sveitarbókinni ritað við upphæðina, sannar það út af fyrir sig eigi, að styrkurinn hafi verið honum veittur. Það skiftir eigi heldur máli, þó að Frimann viðurkenni, að hann hafi þegið umræddan styrk, því að vottorði hans um það er mótmælt, og það hefir eigi verið staðfest fyrir rétti, enda full-

yrðir stefndi, að Frimann hafi sagt sér, að hann væri eigi í neinni skuld við Hraunhrepps.

Sæmkvæmt því, sem að framan er sagt, verður að telja það ósannað, að Frimann Sigurðsson hafi þegið nokkurn styrk úr sveitarsjóði Hraunhrepps áður en hann kvongaðist, en það eitt út af fyrir sig, að stefndi lét farast fyrir að leita sér upplýsinga hjá hreppsnefndinni um þetta hjúskaparskilyrði, gat eigi gjört hann skaðabótaskyldann við hreppinn. Það ber því af þessari ástæðu og án þess athuga þurfi aðrar sýknunarástæður stefnda, að sýkna hann af kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Málkostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Flutningur málsins fyrir undirrétti og yfirdómi af hálfu gjafsóknarhafa hefir verið lögmætur og ber skipuðum málflytningum hans 25 kr. í málflytningsslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Jón prestur Pálsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, hreppsnefndar Hraunhrepps, í þessu máli.

Málkostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Skipuðum málfærslumanni áfrýjanda, Lárusi Fjeldsted yfirréttarmálflytningum, greiðist úr landssjóði 25 kr. í málflytningsslaun.